

KIRKJUGARÐARÁÐ

122. fundur haldinn 20. apríl 2015 í fundarsal KGRP í Fossvogi.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson, fulltrúi Kirkjuþings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir, fulltrúi Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

1. Setning fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram. Fundargerð samþykkt

2. Staða mála varðandi nýjan kirkjugarð í Reykjavík

Þórsteinn Ragnarsson gerði grein fyrir málinu og lýðfræðilegri spá Hagstofu Íslands varðandi fólksfjöglun og andlát á komandi árum. Það er nóg pláss fyrir duftker í kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæmis en það eru takmarkaður fjöldi kistugrafarstæða í kirkjugörðum prófastsdæmisins öðrum en í Kópavogi. Enn er grafið í frátekin grafarstæði í Fossvogi og eitthvað í Hólavallagarði. Gert er ráð fyrir að Gufuneskirkjugarður verði fullnýttur 2023 - 2025.

Spurt var hvort tekið hefði verið saman hvað væri af grafarstæðum á landsvísu. Það hefur ekki verið gert.

3. Bréf frá Kirkjugörðum Akureyrar vegna túlkunar á viðmiðunarreglum

Ragnhildur Benediktsdóttir og Guðmundur Rafn Sigurðsson gerðu grein fyrir að ekki sé komið svar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga við bréfi dags 30. mars 2015 vegna óskar um endurskoðun á viðmiðunarreglum Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Smári Sigursson kynnti stöðu mála vegna málefna Kirkjugarða Akureyrar og túlkunar á viðmiðunarreglum.

Kirkjugarðaráð ákvað að skipa tvo fulltrúa til að ræða við Samband íslenskra sveitarfélaga um endurskoðunina: Valtý Valtýsson og Guðmund Rafn Sigurðsson. Framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs var jafnframt falið að tilkynna sambandinu um fulltrúana og Valtýr tekur að sér að finna fundartíma.

4. Aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Fundurinn verður haldinn 8.- 10. maí á Hótel Natura í Reykjavík.

5. Næsti fundur

Verður haldinn 11. maí kl. 13:00.

6. Önnur mál

Þórsteinn Ragnarsson sagði frá starfi nefndar um fjármál kirkjugarða þar sem hann situr sem fulltrúi ráðsins með fulltrúum innanríkis- og fjármálaráðuneyta. Nefndarstarfið hefur dregist of mikið og sér ekki fyrir enda þess.

Lögð var fram til kynningar staða á greftrunarsjóði 2014 og áætlun 2015.

Fundi slitið 15:10.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari